

FRÉTTIR

Sendinefnd frá Manitoba ræðir við stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki

Liggur beint við að millilenda á Íslandi

Gary Doer, forsætisráðherra Manitobafylkis í Kanada, er í opinberri heimsókn hér á landi. Í för með honum er, auk konu hans, fjöldi stjórn-mála-, mennta-, lista- og kaupslufólks. Þau kynna sér meðal annars framleiðslu vetnis með vatnsaflsorku og ræða við Flugleiðir um möguleika á flugi milli Manitoba og Evrópu. **Jón Ásgeir Sigurvins-son** ræddi við Doer um markmið heim-sóknarinnar.



Davíð Oddsson forsætisráðherra veitti málverkunum viðtöku með formlegum hætti á Kjarvalsstöðum í gær.

Færði málverk að gjöf

GARY Doer, forsætisráðherra Manitoba, færði íslensku þjóðinni 20 málverk eftir listakonuna G. N. Louise Jonasson að gjöf í gær. Davíð Oddsson tók við gjöfinni við

opnun sýningar á verkum Jonasson á Kjarvalsstöðum, en 25 verk eftir listakonuna eru þar til sýnis. Mun verkunum verða komið fyrir í samráði við Listasafn Íslands.

Mississipi. Allar þessar ár renna gegnum Manitoba út í Hudson-flóa, þannig að vatnsföllin eru mjög máttug og þess vegna augljóslega tiltæk fyrir nýtingu til raforkuframleiðslu. Við nýtum nú minna en helming af vatnsaflni okkar.“ Doer segir sóknarfærin í nýtingu raforku úr vatnsfalls-virkjunum mörg í Manitoba. Farið sé að nota raforku meira í landbúnaði, til dæmis með tilkomu preskivéla, sem gangi fyrir rafmagn í stað olíu, en þó séu sóknarfærin enn frekar í iðnaðinum, sem þarfnist áreiðanlegri og ódýrari orku.

Evrópa-Manitoba með viðkomu á Íslandi

Mér skilst að það sé þér kappsmál, að Manitoba og nágrennaríki þess, bæði í Kanda og Bandaríkjunum, myndi eitt ferðamannsvæði?

„Já, við höldum, að þegar manneskja frá Bandaríkjunum eða Kanada fer til Evrópu, þá vilji hún fara til fleiri en eins lands. Og við höldum að Evrópumenn, t.d. ef einhver frá Íslandi heimsækir Norður-Ameríku, þá vilji hann fara t.d. til Minnesóta og Manitoba. Við erum að vinna með ríkisstjóranum í Minnesóta og öðrum ríkjum og fylkjum til að búa til það, sem við köllum „tækifæri til að heim-

sækja tvær þjóðir í einu og sama fríinu“ („one vacation, two nation opportunities“).

Þið munuð tala við Flugleiðir í sambandi við þessar hugmyndir?

„Já. Við gerum okkur ljóst, að öll flugfélög eru að ganga í gegnum erfiða tíma nú um stundir, vegna eldsneytisverðs og gengisbreytinga, en til lengri tíma litið held ég að margir á okkar slóðum í Kanada myndu kjósa að ferðast í gegnum Reykjavík og heimsækja Ísland. Í dag er gríðarstór markaður meðal fólks, sem flýgur beint til Evrópu frá Toronto, en við höldum að Flugleiðir eigi prýðilega möguleika í að fljúga með fólk til Manitoba og Minnesota, og á hinn bóginn að fljúga með okkar kaupslufólk með viðstöðu í Reykjavík í stað Toronto eða Minneapolis. Við vitum að þetta mun ekki gerast eins og efnahagsmálin eru í dag en ef við setjum það ekki á dagskrá núna, munum við aldrei fá tækifæri til að tala um það seinna.“

Doer telur að það liggja beint við að koma við á Íslandi á leiðinni til Evrópu, flugleiðin liggja hvort eð er yfir Ísland og Manitoba sé mjög vel staðsett með tilliti til flugleiðarinnar yfir Norður-Atlantshaf.

Doer skoðaði Nesjavallavirkjun á

sunnudag og fór til Þingvalla. Hann segir að það hafi verið stórkostlegt. Honum hafi líðið líkt og er hann kom í Kolosseum-hringleikahúsið í Róm í fyrsta skipti. Hann segist hafa velt fyrir sér frá hverju veggirnir myndu segja gætu þeir talað. „Þegar maður gengur eftir gjánni; það var stórbrotið.“ Doer segir Manitoba skammt á veg komið í notkun jarðvarmaorku en hægt ætti að vera að nýta jarðvarma meira en gert er. Einn þingmaður Manitoba sé til dæmis að setja upp jarðvarmavirkjun til þess að framleiða rafmagn fyrir húsið sitt.

Rausnarleg málverkagjöf

Doer opnaði sýningu á verkum Vestur-Íslendinga G. N. Louise Jonasson á Kjarvalsstöðum í gær. Við það tilefni færði hann Íslendingum 20 af 25 olíumálverkum sýningarinnar að gjöf og tók Davíð Oddsson á móti henni. Mun verkunum verða fundinn staður í samráði við Listasafn Íslands. Í dag heimsækir Doer Vesturfarasetrið á Hofsi en í kvöld býður Davíð Oddsson Doer og fylgdarliði hans til formlegs kvöldverðar. Á morgun munu gestirnir heimsækja Alþingi og Blá lónið.

jonsigur@mbl.is

Hundur fann tvo laumufarþega

LEITARHUNDUR fann tvo laumufarþega um borð í Lagarfossi, skipi Eimskipafélags Íslands á föstudagskvöld. Lagarfoss var þá á leið til Kanada en líklegt má telja að hið fyrirheitna land laumufarþeganna hafi verið Bandaríkin. Lög-reglan flutti mennina á brott.

Samkvæmt upplýsingum frá Eimskip hefur fyrirtækið verið í samstarfi við Slysavarna-félagið Landsbjörg til að fyrirbyggja að laumufarþegar komist með skipum Eimskips. Hundarnir eru látnir síga niður í skipið og leita í því hátt lágt. Hundarnir sem eru þjálfaðir til að finna lykt af fólki hafa með þessu fengið þjálfun sem kemur sér vel við leit t.d. í rústum.

Höfðu vistir til tveggja daga

Haukur Már Stefánsson, forstöðumaður skipa- og gámarekstrarsviðs Eimskips, sagði í samtali við Morgunblaðið að mennirnir hefðu verið með vatn og mat til um tveggja daga siglingar þegar þeir fundust. Hann segir að eftir um tveggja daga siglingu til Kanada hefði verið of seint að snúa skipinu við.

Haukur Már segir að áhöfn flutningaskipa leiti ávallt að laumufarþegum fyrir brottför. „Ef menn ætla sér að vera laumufarþegar geta þeir hreyft sig um lestina. Menn geta fylgst með leitarmönnum, þeir heyrja í þeim og annað en þeir eiga ekki möguleika gegn hundi,“ segir hann.

Samstarf Landsbjargar og Eimskips um leitarhundana var til reynslu en Haukur Már segir víst að því verði haldið áfram.

Ráðin varafréttastjórar á Stöð 2

ÞÓR Jónsson og Telma Tómasson hafa verið ráðin varafréttastjórar á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar.

Þór Jónsson hefur m.a. starfað á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar í rúm 10 ár og verið varaformaður Bláamannafélags Íslands síðan 1998.

Telma Tómasson var ráðin til starfa á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar árið 1993. Hún starfaði sem fréttaritari í Brussel 1995–1997, vann hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í eitt þar á eftir og kom síðan aftur til starfa á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar.

Fréttastjóri Stöðvar 2 og Bylgjunnar er Karl Garðarsson.

Segir aðild að Landvernd lausri

SAMBAND íslenskra sveitarfélaga hefur sagt aðild sinni að Landvernd lausri frá og með næstu áramótum. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að mjög misjafnar skoðanir séu á meðal sveitarstjórnarmanna á vinnulagi og stefnumörkun Landverndar um þau mál sem Landvernd hefur fjallað um og tekið mjög ákveðna afstöðu til að undanförunu. Eðlilegra sé af þessum sökum að hvert sveitarfélag fyrir sig ákveði hvort það hafi aðild að Land-

vernd og bendir hann á að það hafi Grindavíkurbær þegar gert.

„Sambandið hefur til margra ára átt aðild að Landvernd en um langan tíma höfum við tekið lítinn þátt í störfum samtakanna. Við höfum ekki átt aðild að stjórninni og ekki tekið þátt í stefnumörkun samtakanna. Landvernd hefur heldur ekki haft samráð við stjórn sambandsins um stefnumörkun sína í þeim málum sem hún hefur fjallað um og tekið ákvarðanir um að undanförunu. Það er okkar mat að starfsemi Land-

verndar hafi að undanförunu breyst á þann veg að á þeim vettvangi sé nú fjallað og tekin afstaða til málefna sem sveitarstjórnarmenn í landinu hafa afar misjafnar skoðanir á. Þess vegna teljum við eðlilegt að það verði háð ákvörðunum einstakra sveitarstjórna hvort þær gerist aðilar að Landvernd og að við bindum ekki hendur þeirra með regnhlífaradild að Landvernd eins og verið hefur,“ segir Vilhjálmur.

Hann segir að þetta útiloki þó alls ekki að Samband íslenskra sveitar-

félaga geti átt samstarf við Landvernd um tiltekin mál. Slíkt fyrirkomulag sé mun heppilegra og með þeim hætti hefur sambandið átt samstarf við fjölmörg félagasamtök og stofnanir.“

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur jafnframt sagt lausri aðild sinni að Stjórnunarfélagi Íslands. „Ég tel að það séu fleiri félög sem sinni svipuðu hlutverki. Ef sambandið þarf á aðstoð að halda, t.a.m. við námskeiðahald, þá sækir það slíka þjónustu út á markaðinn.“

GARY Doer er hér á landi í boði Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, sem sótti Manitoba heim síðastliðið sumar. Kona hans, Ginny Devine, fylgir honum ásamt Ron Lemieux, ráðherra menningar- og ferðamála, embættismönnum og viðskiptasendinefnd. Í fréttatilkyngingu stjórnarinnar í Manitoba segir að með heimsókninni gefist tækifæri til að þakka íslenskum stofnunum og fyrirtækjum fyrir framlög þeirra á sviði menningarmála, svo sem einnar milljónar dala framlags Eimskips og ríkisstjórnarinnar til íslenskudeildarinnar við Manitoba-háskóla á síðasta ári.

Að sögn Doer er markmið heimsóknarinnar margþætt. Í fylgdarliði hans eru fulltrúar allra stjórnmalaflokka, fulltrúi alríkisstjórnarinnar, fulltrúi sveitarstjórnar, sem er borgarstjórnin í Gimli, listamaður og rektor Háskóla Manitoba. Auk þess er hópur kaupsluslumanna með í för, þannig að ferðin er allt í senn, á sviði stjórnmalá, lista, menntunar og viðskipta. Doer nefnir, sem dæmi um þau viðskiptatengsl, sem ræktuð verði í ferðinni, innflutning á íslenskum hestum til Manitoba. Einn fórunauti hans af íslenskum ættum hefði eitt sinn komið hingað til lands til að hitta ættingja sína og hefði í framhaldi af þeirri heimsókn byrjað að flytja hesta inn til Manitoba. Nú hefur þessi maður milligöngu um sölu á íslenskum hestum um gjörvöll Bandaríkin og í Mexíkó.

Vilja fylgjast með vetnisrannsóknunum

„Það eru nokkur svið, sem við höfum áhuga á að skoða. Við vorum að koma af fundi um vetnis-efnarafala. Manitoba hefur, eins og Ísland, að mestu leyti endurnýtanlega [orku], 97% raforkunnar kemur úr vatnsfallsvirkjunum og við höfum mikið vatn, þannig að við erum mjög svipuð Íslandi. Jafnvel í Norður-Ameríku erum við eins konar eyland endurnýtanlegrar orku.“ Doer telur rannsóknir Íslendinga á nýtingu vetnisorku skila afar gagnlegum upplýsingum. „Ísland hefur verið leiðandi í heiminum í [nýtingu] jarðvarma og við viljum vera hluti framtíðarinnar í vetninu.“

Fimmtungur allra vatnsfalla, sem renna til sjávar í Norður-Ameríku, renna um Manitoba út í Hudson-flóa, að sögn Doers. „Reyndar allar ár austan Klettafjalla, fyrir vestan Vötnin miklu og norðan vatnasvæðis